

145 fundur skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga var haldinn í húsnæði Tónlistarskóla Rangæinga 4. nóvember 2015 kl. 16.00.

Mættir:

Renata Hannermann, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Guðjón Halldór Óskarsson, , fulltrúi kennara, Sigríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð og Ágúst Sigurðsson, formaður sem setti fund og stjórnaði honum:

Egill Sigurðsson og Kristín Þórðardóttir boðuðu forföll.

Gengið var til dagskrár:

1. **Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Rangæinga 2016:** Fjárhagætlunin er í tveimur þáttum annarsvegar uppruni fjármagns og hins vegar ráðstöfun fjármagns. Báðir þessir liðir standa á 102.673 - Vísað er til framlagða gagna. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða og verður send Héraðsnefnd Rangæinga til samþykktar.
2. **Skýrsla skólastjóra:** Sigríður Aðalsteinsdóttir, skólastjóri lagði fram skýrslu og yfirlit skólaársins 2015 – 2016. Þar kemur fram yfirlit um nemendafjölda í skólanum skólaárið 2015-2016 sem skiptist þannig eftir sveitarfélögum:

Rangárþing eystra	151 nemendur
Rangárþing ytra	96 nemendur
Ásahreppur	41 nemandi

Fjöldi nemenda og námsstig:

Grunnnám	141
Miðnám	19
Framhaldsnám	4
Einkanám alls	164
Forskóli alls	124

Heildarfjöldi nemenda 288

Skólastjóri hefur í hyggju að reyna að ná enn fleiri ungum nemendum inn í skólann enda viðurkennt að nemendur í tónlistarnámi vegnar vel í öðru námi.

Skólastjóri fór yfir fjölda kennara og ráðningarhlutfall. – Þar kemur einnig fram fjöldi nemenda á námsstigi, aldursdreifingu, fjölda prófa, skóladagatal, hóptímatöflu. Einnig reksturs skólans og starfsáætlun, vísað er til framlagðra gagna. Bent er á heimasíðu skólans þar sem fjölmargar hagnýtar upplýsingar koma fram.

3. **Önnur mál:** Skólastjóri talaði um að leita til fyrirtækja varðarðandi styrki til tækjakaupa og búnaðar og í framhaldi af styrkjum þeirra myndu tónlistarnemendur leika fyrir fyrirtækin ef um áhuga að ræða.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.15